

# Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Með orðsendingu þessari er vakin athygli á breyttu skatthlutfalli og reglum um staðgreiðslu af fjármagnstekjum árið 2010

## Arðgreiðslur

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

## Vaxtatekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum, **þ.m.t. innleystur gengishagnaður á staðgreiðsluári og áfallinn gengishagnaður í árslok af reikningum í innlánsstofnunum**, og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

## Skiladagur - skilastaðir - vanskil

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum 1. október - 31. desember er 20. janúar 2010 en **eindagi 4. febrúar**.

**Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga.**

Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs og vaxtatekna á tímabilinu skal skila núllskýrslu til skattstofu.

Ef skilaskyldur aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagrein innan tilskilinna tímamarka **skal ríkisskattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð**.

Skila skal staðgreiðslu af fjármagnstekjum með því að fylla út og greiða meðfylgjandi gíróseðil. Greiðslu er unnt að inna af hendi í öllum bönkum og sparisjóðum eða hjá innheimtumanni ríkissjóðs. Ef ekki er greitt í síðasta lagi á eindaga reiknast álag vegna vanskila. Það er 1% á dag fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en 10% og til viðbótar ígildi dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir eindaga.

## Prískipt einrit

Skilagreinin (gíróseðill) skiptist í þrjá hluta, eintak skattstofu, eintak greiðanda og eintak gjaldkera.

Eintak skattstofu er hin formlega skilaskýrsla sem staðfesta þarf með undirritun. Sé ósamræmi milli eintaks skattstofu og eintaks greiðanda gildir því eintak skattstofu.

Eintak greiðanda er afrit hans og á að vera samhljóða eintaki skattstofu. Þar sem það er ekki lengur sjálfkalkerandi afrit af eintaki skattstofu er bent á að ljósrit af eintaki skattstofu er tryggara afrit. Á eintak gjaldkera skal færa fjárhæð úr reitnum: **Samtals**.

## Útfylling skilagreinar (gíróseðils)

Fjárhæð staðgreiðslu er færð í tvennu lagi; annars vegar staðgreiðsla af arði og hins vegar staðgreiðsla af vöxtum. Auk þess skal ávallt fylla út samtölureitinn í efstu línunni.

Hafi engin staðgreiðsla verið innheimt af vaxtatekjum eða arði á tímabilinu, skal gera grein fyrir því með því að setja núll í fjárhæðareitina en X í þar til gerða reiti fyrir neðan.

Ekki er hægt að nota seðilinn fyrir annað en skil á staðgreiðslu af fjármagnstekjum fyrir það greiðslutímabil sem á hann er áritað.

## Næsti skiladagur

Af fjármagnstekjum sem til falla eftir 1. janúar ber að halda eftir 18% staðgreiðslu sem skila á ársfjórðungslega. Næsti gjalddagi er 20. apríl 2010 vegna tekna á ársfjórðungnum janúar-mars og eindagi 5. maí 2010.

Nánari upplýsingar veitir ríkisskattstjóri í síma 563-1100 og skattstofur um land allt.